

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/549****2017/EES/10/36****frá 8. apríl 2016**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), metalaxýl-M, píkólínafen, prósúlfúrón, pímetrósin, þiabendasól og þífensúlfúrónmetýl (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾ eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), metalaxýl-M, píkólínafen, prósúlfúrón, pímetrósin, þiabendasól og þífensúlfúrónmetýl voru framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 ⁽³⁾. Samþykki fyrir þessum eignum fellur úr gildi 30. júní 2016. Umsóknir um endurnýjun á skráningu þessara efna í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽⁴⁾ voru lagðar fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ⁽⁵⁾.
- 3) Þar eð mat á efnunum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku eignum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.
- 4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistöku dag eins fljótt og unnt er.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 frá 20. október 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-díklórífenoxyedíksýru, asíbensólar-S-metýl, amitról, bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, esfenvalerat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), glýfosat, ípróvalíkarb, ísóprótúrón, lambda-sýhalótrín, metalaxýl-M, metsúlfúrónmetýl, píkólínafen, prósúlfúrón, pímetrósin, píraflúfenetýl, þiabendasól, þífensúlfúrónmetýl og tríasúlfúrón (Stjtið ESB L 276, 21.10.2015, bls. 48).

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmæðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtið. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 11, bentasón, komi „30. júní 2017“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 15, díkvat, komi „30. júní 2017“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 17, þíabendasól, komi „30. júní 2017“.
- 4) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 19, DPX KE 459 (flúpyrsúlfúrónmetýl), komi „30. júní 2017“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 23, pýmetrósín, komi „30. júní 2017“.
- 6) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 26, þífensúlfúrónmetýl, komi „30. júní 2017“.
- 7) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 31, prósúlfúrón, komi „30. júní 2017“.
- 8) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 34, sýhalófopbútýl, komi „30. júní 2017“.
- 9) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 35, famoxadón, komi „30. júní 2017“.
- 10) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 37, metalaxýl-M, komi „30. júní 2017“.
- 11) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 38, píkólínafen, komi „30. júní 2017“.
- 12) Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 39, flúmíoxasín, komi „30. júní 2017“.